

21. október 2020

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna

Stúdentaráð fagnar því að breytingar verði gerðar á úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna en verður að undirstrika nokkur atriði í tilefni þessa.

Í sumar var ákveðið að fimmfalda frítekjumarkið vegna aðstæðna sökum faraldursins. Fimmföldun frítekjumarksins tryggir að lánið skerðist ekki vinni stúdent umfram frítekjumarkið sem er 1.364.000. Heildartekjur stúdents geta þá að hámarki verið 6.820.000 áður en 45% af umframtekjum verða til frádráttar á námsláni. Stúdentaráð leit jákvæðum augum á breytinguna en benti þó á að úrræðið stæði einungis til boða þeim sem ekki hefðu verið í námi sl. 6 mánuði. Úrræðið myndi því ekki nýtast stúdentum sem þegar voru í námi.

Nýlega hefur komið í ljós að Menntasjóðurinn keyrði í gegn breytingu á frítekjumarkinu án þess að auglýsa hana meðal stúdenta eða breyta úthlutunarreglunum. Stúdentar sem hafa verið í námi sl. 6 mánuði en ekki á lánum yfir þann tíma fengu þannig sjálfkrafa fimmföldun frítekjumarksins. Hér er um að ræða verulega hindrun að námi þar sem rýmkunin nær ekki til allra stúdenta, s.í.l. þeirra sem hafa verið á lánum áður. Þá hafa einhverjir stúdentar eflaust ekki sótt um námslán vegna skerðingar sem frítekjumarkið myndi hafa í för með sér. Stúdentaráð furðar sig á því að gert sé upp á milli námsfólks með þessum hætti og að ekki sé upplýst stúdenta um þessa breytingu.

Nú er til skoðunar að tekjur stúdenta í bakvarðarsveit komi ekki til skerðingar á námslánum. Það er mjög mikilvæg breyting á úthlutunarreglunum en hún mun gera fólki kleift að halda í námið og leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn veirunni. Stúdentaráð telur hins vegar að frítekjumarkið verði að endurskoða m.t.t. allra stúdenta. Þá er full ástæða til þess að hækka grunnframfærslu framfærslulána, sem ekki var gert í sumar þrátt fyrir fjölda umsagna stúdentahreyfinga. Lág grunnframfærsla og skerðingar á borð við frítekjumarkið eru ástæður þess að stúdentar neyðast til að vinna með námi. Störf eru hins vegar af skornum skammti í dag og því ljóst að stúdentar þarfnast frekari úrræða.

Stjórnvöld hafa ítrekað bent á að námslánakerfið eigi að grípa stúdenta og er það ein ástæðan fyrir því að ekki hefur verið mætt öðrum kröfum þeirra, um m.a. rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta. Nú er gullið tækfæri til að gera nauðsynlegar breytingar þannig að námslánakerfið taki mið af öllum stúdentum og tryggi þeim viðunandi framfærslu á krefjandi tímum. Stúdentaráð fer fram á að Menntasjóðurinn leiðrétti úthlutunarreglurnar með hliðsjón af öllu framangreindu og opni aftur fyrir umsóknir um námslán.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands